

STJÓRNARTÍÐINDI B 113 – 1999

8. desember 1999

2575

Nr. 840

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Háagerði 1-79 og Sogavegur 98-106.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 29. júní 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir lóðirnar Háagerði 1-79 og Sogaveg 98-106.

Deiliskipulagsuppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Klapparstígur 20.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 31. ágúst 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis. Reist verður íbúðarhótel á lóð nr. 20 við Klapparstíg.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Vatnsendavegur 110, Dýraspítali.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 31. ágúst 1999 samþykkt endurskoðun skipulags lóðar Dýraspítalans við Vatnsendaveg 110. Lóðarmörk breytast og byggingarreitur stækkar.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 8. desember 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

7. desember 1999

Nr. 841

AUGLÝSING

um deiliskipulög í Reykjanesbæ.

Deiliskipulag lóðar Myllubakkaskóla, Keflavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. maí 1999 samþykkt deiliskipulag sem felur í sér að byggð verði ein hæð ofan á álmu sem liggur með Suðurtúni og að byggð verði 2ja hæða tengibygging milli aðalbyggingar og álmu sem liggur með Suðurtúni.

Deiliskipulagsuppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag af iðnaðarsvæði við Fitjabraut, Njarðvík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. júní 1999 samþykkt deiliskipulag af svæði sem nær yfir u.þ.b. 24 ha lands, sem afmarkast